

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/1601**  
**komudagur 7.3.2003**

Reykjavík 6. mars 2003

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Félagsmálanefnd

**Umsögn Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur um frumvarp til laga um Greiningar – og ráðgjafarstöð ríkisins 538. mál.**

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur þakkar fyrir að fá málið til umsagnar. Þar sem umsagnafrestur var skanmmur var umsögn ekki tilbúin fyrir tilskilinn frest 3. mars sl.

Í upphafi umsagnar er rétt að láta koma fram ábendingu um nauðsyn þess að starfsemi Greiningar – og ráðgjafarstöðvar ríkisins sé aðlöguð að breyttum tímum og nýrri þekkingu á eðli þroskaraskana. Með frumvarpi þessu er reynt að koma til móts við þessa nauðsyn. Skilgreiningar í frumvarpinu eru skýrar og hlutverk Greingarstövar ljós.

Gott er að sjá í frumvarpinu þá áherslu sem lögð er á aukið samstarf/samráð við við aðra aðila sem koma að málum barna með alvarlegar þroskaraskanir, sérstaklega er þetta mikilvægt gagnvart stofnunum sveitarfélaga sem vinna með þessum börnum. Slíkt samstarf er forsenda þess að vel takist til um meðferð, ráðgjöf og eftirfylgd.

Hitt er svo ljóst að með frumvarpi þessu er verið að færa allmörg verkefni yfir á sveitarfélögin í landinu án þess að fjármagn fylgi með. Hér er m.a. átt við frumgreiningu, eftirfylgd, ráðgjöf og meðferð barna með þroskaraskanir. Það er vissulega mikilvægt að eftirfylgd, þjálfun og meðferð fari fram á heimaslóð barnsins eins og fram kemur í 4. grein frumvarpsins en slíkt eykur þörf fyrir ráðgjöf frá Greiningarstöð og þar með ferðakostnað, dagpeninga o.flr. Þessi kostnaður er mörgum sveitarfélögum þegar þung byrði í dag, hvað þá þegar ráðgjöfin verður aukin og þeim er ætlað að greiða fyrir hana.

Stærri sveitarfélög hafa einnig átt í erfiðleikum með að veita þá þjónustu sem börnum með þroskaraskanir er ætlað að njóta. Oft á tíðum er sú sérþekking sem talað er um í frumvarpinu ekki til staðar í sveitarfélaginu og þau verða því að greiða fyrir aðkeypta þjónustus sem er mjög kostnaðarsöm. Því verður að tryggja að aukinn kostnaður vegna þessa falli ekki á sveitarfélögin óbætt.

Einnig er ljóst að með því að þrengja þann hóp barna með þroskaraskanir sem Greiningarstöð er ætlað að vera með í langtíma meðferð í, fyrir börn með *óvenju flóknar eða sjaldgæfar þroskaraskanir. Hér er enn verið að færa þjónustu og kostnað sem áður voru hjá Greiningarstöð ríkisins yfir á sveitarfélögin.*

Ef frumvarpið verður að lögum er afar brýnt að tryggja sveitarfélögunum aukið fjármagn til að þau geti sinnt auknum verkefnum hvað varðar greiningu, ráðgjöf, þjálfun/meðferð og eftirfylgd með barni á heimaslóð.

Jafnframt er mikilvægt að Greiningarstöð verði tryggt fjármagn og aðstaða til að veita beina ráðgjöf og símenntun á þessu sviði til starfsfólks sveitarfélaga sem vinnur með börnum með þroskaraskanir af ýmsu tagi. Eins og ljóst má vera á þessari umsögn erum við mjög ósammála því sem fram kemur í fylgiskjali með greinargerð að ekki komi til aukin útgjöld ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Virðingarfyllst  
Arthur Morthens  
forstöðumaður þjónustusviðs  
Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur